

Verklagsreglur um Sóknarsjóð Háskóla Íslands

Tilgangur og gildissvið

Hlutverk sjóðsins er að efla sókn Háskóla Íslands í erlenda samkeppnissjóði með markvissum stuðningi við akademíska starfsmenn. Sjóðnum er heimilt að veita (1) svokallaða sóknarstyrki vegna kostnaðar við undirbúning umsókna, (2) styrki til umsækjenda um erlenda öndvegisstyrki (ERC og sambærilega), sem komast á lokastig umsóknarferils, en hljóta ekki styrk og (3) stuðning við styrkþega stærri erlendra rannsóknastyrkja sem getur m. a. falið í sér tilboð um starf, tilfærslu á milli starfsheita, sérhæfða verkefnastjórn, tilfærslu starfsskyldna og þátttöku í uppbyggingu innviða.

ERC styrkir eru veittir af Evrópska rannsóknaráðinu (*e. European Research Council*). ERC styrkir eru persónubundnir og getur styrkþegi farið hvert á land sem er innan Evrópu með slíkan styrk. Mikil samkeppni er um þessa styrki og þykir það ein mesta viðurkenning sem vísindamaður í Evrópu getur fengið að hljóta ERC styrk. Þessir styrkir fela í sér veglegan stuðning við afburða rannsóknafólk til að byggja upp framúrskarandi rannsóknaaðstöðu og rannsóknahópa við þann háskóla eða rannsóknastofnun sem þeir starfa eða velja sér að starfa við.

Ábyrgð

Vísinda- og nýsköpunarsvið ber ábyrgð á að verklagsreglan sé rétt á hverjum tíma og ber ábyrgð á að unnið sé samkvæmt henni.

Framkvæmd

1. Umsjón með Sóknarsjóði Háskóla Íslands

- Vísinda- og nýsköpunarsvið (VNS) hefur umsjón með Sóknarsjóði Háskóla Íslands. Í því felst m.a. að taka á móti umsóknum, meta þær, úthluta og greiða út styrki, sbr. tl. 2 og 3 að neðan og að undirbúa samkomulag fyrir hönd rektors, sbr. tl. 4.

2. Sóknarstyrkir – (*e. pre award*)

- Sjóðnum er heimilt að veita sóknarstyrki til starfsfólks í tengslum við undirbúning umsókna í erlenda samkeppnissjóði í rannsóknum. Um er að ræða svokallaða „stærri“ og „minni“ sóknarstyrki.
- Minni sóknarstyrkir að fjárhæð allt að 500 þ.kr. eru veittir í tengslum við sóknarstyrki Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís).
- Umsóknarfrestur tekur mið af umsóknarfresti sóknarstyrkja Rannís á ári hverju.
- Stærri sóknarstyrkir að fjárhæð allt að 1,5 m.kr. eru ætlaðir umsækjendum um stóra erlenda rannsóknastyrki, svo sem ERC og samstarfsstyrki (*e. consortium*) þegar HÍ leiðir verkefnið.
- Umsóknarfrestur til VNS um stærri sóknarstyrki er þremur mánuðum áður en frestur viðkomandi sjóðs rennur út. Sóknarstyrkur er greiddur þegar staðfesting liggur fyrir um að umsókn hafi borist styrkveitanda.
- VNS hefur samráð við forseta fræðasviðs og eftir atvikum rannsóknastjóra fræðasviðs í tengslum við úthlutun stærri sóknarstyrkja.

- g. Loks eru veittur styrkur fyrir kostnaði við sérfræðiráðgjöf og rýni umsókna og þjálfun umsækjenda fyrir viðtöl eða kynningu verkefnis.

3. Stuðningur við umsækjendur sem ekki hljóta öndvegisstyrk en komast á lokastig matsferils.

- a. Ákvæði þetta tekur til ERC styrkja eða annarra sambærilegra öndvegisstyrkja.
- b. Sjóðnum er heimilt að veita allt að 2 m.kr. styrk til umsækjenda sem komast í aðra lotu matsferlisins, þ.e. í viðtal í því skyni að kynna rannsóknaverkefnið fyrir matsnefnd.
- c. Styrkur er ætlaður til að standa straum af kostnaði við endurbætur eða breytingar á rannsóknarverkefninu og umsókn í samræmi við matsniðurstöðu viðkomandi rannsóknasjóðs í því skyni að leggja hana fram að nýju hjá evrópska rannsóknaráðinu eða á öðrum vettvangi.

4. Stuðningur við styrkþega stærri styrkja (e. post award)

- a. Ákvæði þetta tekur til ERC styrkja eða annarra sambærilegra styrkja. Jafnframt tekur það til viðamikilla samstarfsstyrkja úr erlendum samkeppnissjóðum, þar sem starfsmaður HÍ er leiðandi rannsakandi (e. *coordinator*).
- b. Heimilt er að veita sértækan stuðning til handhafa stærri rannsóknastyrkja úr erlendum samkeppnissjóðum með þríhliða samkomulagi á milli rektors, forseta viðkomandi fræðasviðs og styrkþega. Samkomulagið fjallar um hinn sértæka stuðning og skiptingu kostnaðar á milli samningsaðila.
- c. Samkomulag um sértækan stuðning getur fjallað um:
 - i. Tilboð um tímabundið starf í samræmi við sameiginlegar reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.
 - ii. Tilfærsla styrkþega á milli starfsheita. Komi til slíkrar tilfærslu skal viðkomandi styrkþegi uppfylla lágmarksskilyrði hins hærra starfs, eins og um nýráðningu væri að ræða.
 - iii. Breyttar starfsskyldur, svo sem tímabundna lausn frá kennslu eða eftir atvikum tímabundinn kennsluafslátt.
 - iv. Önnur atriði sem aðilar samkomulags telja styrkja viðkomandi rannsóknaverkefni, svo sem sérhæfða verkefnastjórn og þátttöku í uppbyggingu innviða.

5. Fjármögnun

- a. Háskólaráð ákveður árlega fjárhæð Sóknarsjóðs Háskóla Íslands.

6. Gildistími og endurskoðun

- a. Verklagsreglur öðlast gildi 1. október 2025 og skulu endurskoðaðar innan þriggja ára frá gildistöku þeirra.